



Fréttabréf Naustaskóla

5. tbl 10. árg. 29. september 2017

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Hnetubann!!

Við minnum á að vegna ofnæmis meðal nemenda í húsinu sjáum við okkur knúin til að lýsa yfir „hnetubanni“ í Naustaskóla. Við biðjum nemendur og foreldra um að aðstoða okkur með því að halda öllu heima sem inniheldur hnetur...!!!!

Lúsin

Hinn árlegi haustgestur, lúsin, hefur eitthvað látið á sér kræla og því mikilvægt að foreldrar séu stöðugt á verði og láti skólann vita ef vart verður við kvikindið. Hægt er að finna prýðilegt fræðsluefni um lúsaleit á vefnum <http://www.farvellus.dk> en þar má finna myndbönd með leiðbeiningum o.fl.

Kæra skólasamfélag

Nú höfum við hafið níunda starfsárið okkar í Naustaskóla. Við rennum bjartsýn inn í nýtt skólaár, með metfjölda nemenda í sögu skólans, og hlökkum til að takast á við þær áskoranir sem skólastarfið felur í sér. Við óskum eftir góðu samstarfi við heimili, enda er það lykillinn að velferð og vellíðan nemenda skólans. Í stóru skólasamfélagi er óhjákvæmilegt að eitthvað komi upp á í dagsins önn og mælumst við til að foreldrar og forráðamenn hafi beint samband við skólann ef spurningar vakna varðandi skólastarfið. Áfram verður unnið með Jákvæðan aga, sem er agastefnan okkar í Naustaskóla, og stefnt er að því að bjóða upp á foreldranámskeið í vetur. Unglingadeildin er að fara af stað í þróunarverkefni sem ber nafnið „Trú á eigin getu“, þar sem markmiðið er að auka sjálfstæði, ábyrgð og gagnrýna hugsun meðal nemenda. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands mun leiða þessa vinnu í samstarfi við Þórhildi Helgu Þorleifsdóttur, kennsluráðgjafa í Kópavogi. Skólinn hefur fengið styrki úr Sprotasjóði vegna þessa verkefnis. Í Naustaskóla er ekki lögð áhersla á heimanám, nema foreldrar óski sérstaklega eftir heimanámi. Hinsvegar leggjum við mikla áherslu á að allir nemendur lesi heima á hverjum degi, til þessa að efla læsi og lestrarfærni. Um það verkefni þurfum við öll að standa saman, skóli, foreldrar og nemendur, enda er það sameiginlegt hagsmunamál okkar allra að börnin verði fljúgandi læs í breiðri merkingu þess orðs. Þarna er það eins og með svo margt annað, að æfingin skapar meistarann, og því mikilvægast af öllu að gefa lestrariðkun góðan tíma og mikla athygli, og að við fullorðna fólkið séum góðar fyrirmyndir í þeim efnum. Með von um gott samstarf og árangursríkt skólastarf. Bryndís Björnsdóttir.

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

ATHUGIÐ

Nú eru hafnar æfingar í íþróttahúsi Naustaskóla á vegum íþróttafélaganna í bænum. Húsið verður formlega vígt þann



10. október nk. kl. 15:00 og eru nemendur og foreldrar boðnir velkomnir á vígsluna.

Símar og snjallúr



Símar eru daglegir fylgifiskar nemenda okkar – við þurfum að taka höndum saman bæði heimili og skóli við að kenna börnunum hvar og hvenær viðeigandi er að nota símana og í hvaða tilgangi. Við biðjum ykkur kærar foreldrar að ræða við börnin ykkar um að símarnir séu geymdir í skólatöskunni á skólatíma, þeir eru ekki teknir með í sund, leikfimi eða frímínútur. Það er einnig mikilvægt að þau læri að vera ekki í símanum á meðan matast er. Með samstilltu átaki getum við kennt þeim þessar einföldu símareglur sem gilda í skólanum. Við mælumst einnig til að snjallúrin séu geymd í skólatöskunni .

Hagnýtar upplýsingar varðandi mentor.is

Til að komast í Mentor (www.mentor.is) þarf að hafa aðgangsorð og lykilorð. Á Mentor má finna upplýsingar um nám nemenda, bekkjarlista, ástundun, verkefnabækur, dagbækur o.fl.

Inni á svæði foreldra er líka hægt að tilkynna veikindi (allt að tveimur dögum í einum) þannig að ekki þurfi að hringja að morgni til í skólann heldur fáið þið staðfestingu senda á netfangið ykkur þegar ritari hefur móttengið beiðnina. Með þessu er t.d. hægt að skrá á miðvikudagskvöldi veikindi vegna fimmtudags.

Þeir sem ekki hafa aðgang að Mentor, eða eru búnir að gleyma aðgangsorðinu, geta leyst málið með því að fara inn á síðuna: www.mentor.is Þar er hægt að skrá sig inn í kerfið með notendanafni sem er kennitala án bandstriks. Sé viðkomandi ekki með lykilorð er smellt á "Gleymt lykilorð". Þá fer af stað ferli sem viðkomandi er leiddur í gegnum og fær þá sent lykilorð í tölvupósti. Ef allt kemur fyrir ekki er hægt að hafa samband við ritara skólans og fá sent lykilorð.

Nemendur eiga ekki undir neinum kringumstæðum að fara inn á vefinn með aðgangsorði foreldra sinna því þar birtast aðrar upplýsingar en á þeirra eigin spjaldi og þau eiga t.d. ekki að hafa aðgang að veikindaskráningu.

Nemendur eiga hins vegar sinn eigin aðgang sem þau geta notað til að skoða meðal annars heimavinnu. Á foreldraspjaldi fyrir neðan mynd af barninu er hnappur þar sem hægt er að breyta lykilorði eða búa til nýtt lykilorð fyrir barnið. Endilega aðstoðið börn ykkar við að fara inná Mentor ef þau kunna það ekki nú þegar.

Nemendur geta breytt lykilorðinu sínu eins og foreldrar þegar skráð er inn í fyrsta sinn í kerfið.

Á eftirfarandi slóð má finna afar góðar leiðbeiningar (kennslumyndbönd) fyrir foreldra:

<http://mentor.is/Spurningar/Fyrir-nemendur-og-a%C3%B0standendur/Kennslumyndbond>

Samstarf við Tónlistarskóla Akureyrar

Í vetur munu grunnskólar og leikskólar Akureyrar taka þátt í samstarfsverkefni með Tónlistarskóla Akureyrar sem nefnist „Söngvaflóð“. Nemendur í 1.-7. bekk fara á söngsal einu sinni í viku, þar sem Heimir Bjarni Ingimarsson, kennari í Tónlistarskólanum, leiðir nemendur í leik og söng. Stefnt er að því að allir grunnskólarnir komi svo saman niður í Hofi og syngi saman nokkrum sinnum yfir veturinn. Verkefnið fer vel af stað og mikil gleði ríkir með framtíkið.

Nánar má fræðast um verkefnið á heimasíðu Tónlistarskóla Akureyrar, www.tonak.is, undir flípanum „Söngvaflóð“, en þar er að finna lög og texta sem nemendur eru að syngja hverju sinni á söngsal.


Hlaupahjól

Fjölmarginir nemendur kjósa að koma á hlaupahjól í skólann og er það hið besta mál. Hins vegar hefur talsvert borið á því að nemendur taki hlaupahjól ófrjálsri hendi í frímínútum, skilji þau eftir á víðavangi og því miður eru dæmi þess að slík farartæki hafi verið skemmd. Við viljum ítreka að hlaupahjól og hjól sem nemendur koma á í skólann eru ávallt á ábyrgð eigenda og því mikilvægt að þau séu læst, þar með talin áðurnefnd hlaupahjól. Að sjálfsögðu eiga nemendur að nota hjálm þegar ferðast er um á hjóli eða hlaupahjól.



Framkvæmdir á skólalóð

Nú eru loksins hafnar framkvæmdir á skólalóðinni og vonandi verður þeim lokið í vor. Um er að ræða fyrstu tvo framkvæmdaáfangana sem fela í sér gerð leiksvæðis með leiktækjum, upphitaðri gangstétt meðfram húsinu auk þess sem að útbúnir verða hólur á lóðinni. Einnig verða malbikaðir göngu- stígar á lóðinni. Yfirstandandi framkvæmdir eru innan rauðu línunnar á þessari mynd.



Um einelti

Í Naustaskóla er unnið samkvæmt ákveðinni áætlun til að fyrirbyggja einelti og til að leysa þau mál sem upp kunna að koma. Eineltisáætlun skólans er birt í starfsáætlun hans en hana er einnig hægt að nálgast beint á heimasíðu skólans á slóðinni:

<http://naustaskoli.is/page/eineltisaaetlun>

Mikilvægt er að við vinnum saman að því að fylgjast með líðan barnanna og meta hvort að þau þurfi á einhverjum tímapunkti aðstoð til að leysa mál sem snúa að samskiptum í skólanum eða vínahópnum. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að upp geta komið samskiptaerfiðleikar hjá börnunum án þess að um einelti sé að ræða.

Við skilgreinum einelti þannig:

Einstaklingur er lagður í einelti ef hún eða hann verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil. Þrennt þarf að koma til svo að einelti teljist vera til staðar:

- Árásarhneigt eða illa meint atferli.
- Um er að ræða endurtekningu sem stendur yfir ákveðinn tíma.
- Ójafnvægi afsl og valda í samskiptum.

Þegar grunur vaknar um að um einelti geti verið að ræða er fyrsta skrefið hjá okkur að kanna samskipti nemendanna með því að fylgjast með, taka viðtöl og í sumum tilfellum leggja fyrir tengslakannanir. Ef um einelti er að ræða er svo unnið eftir ákveðnu ferli sem byggist að mestu leyti á reglulegum viðtölum við gerendur og þolendur og samstarfi við foreldra.

Gott er að foreldrar hafi í huga eftirtalin einkenni sem gætu verið vísbendingar um að einelti eigi sér stað, og hafi samband við skólann ef grunsemdir vakna.

Tilfinningaleg einkenni:

- Breytingar á skapi.
- Tíður grátur, þarf lítið til að tárin komi fram.
- Svefntruflanir, getur ekki sofið, fær martraðir.
- Matarvenjur breytast, lystarleysi, ofát.
- Þunglyndi.

Líkamleg einkenni:

- Líkamlegar kvartanir, t.d. höfuðverkur, magaverkur.
- Kvíðaeinkenni eins og að naga neglur, stama, kækir ýmiss konar.
- Rifin fót og/eða skemmdar eigur / hvarf á eigum.
- Líkamlegir áverkar.

Félagsleg einkenni:

- Lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði.
- Barnið virðist einangrað, einmana, fær ekki heimsóknir og fer ekki í heimsóknir, forðast t.d. að fara í afmælisboð.

Hegðunarleg einkenni:

- Óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst.
- Hegðunarerfiðleikar.

Skóli - einkenni:

- Barnið hræðist að fara eitt úr og í skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið.
- Leggur fyrr af stað í skólann en venjulega eða fer seinna af stað.
- Skróp.
- Barnið mætir iðulega of seint.
- Forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi eða sund.
- Lægri einkunnir, einbeitingarörðugleikar í námi.
- Einangrun frá skólafélögum.

Heimili - einkenni:

- Barnið neitar að fara í skólann.
- Einangrar sig frá öðrum í fjölskyldunni.
- Aukin peningabörf hjá barninu.
- Barnið neitar að leika sér úti eftir skóla.



Skólaráð Naustaskóla

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins, það skal, auk skólastjóra, skipað fulltrúum foreldra, nemenda, kennara, annarra starfsmanna og fulltrúa grenndarsamfélags sem í okkar skóla er fulltrúi frá hverfisnefnd. Skólaráð fundar einu sinni í mánuði á starfstíma skóla.

Í skólaráði þetta skólaárið sitja:

Bryndís Björnsdóttir skólastjóri

Aðalheiður Skúladóttir deildarstjóri

Þorgeir Rúnar Finnsson deildarstjóri

Þóra Ýr Sveinsdóttir kennari

Bryndís Indíana Stefánsdóttir kennari

Andrea Hauksóttir skólaliði

Ingibjörg Þórðardóttir fulltrúi foreldra

Borghildur Ína Sölvadóttir fulltrúi foreldra

foreldra

Anna Steinunn Þengilsdóttir fulltrúi

hverfisnefndar.

Við viljum minna foreldra og forráðamenn að vikuna 9.-13. október er opin vika í Naustaskóla. Þá eru foreldrar og forráðamenn sérstaklega hvattir til þess að koma í skólann og fylgjast með börnum sínum í leik og starfi. Að sjálfsgöðu eru foreldrar og forráðamenn alltaf velkomnir í skólann á öðrum tímum, og hvetjum við ykkur til þess að vera dugleg að heimsækja okkur og fá ykkur kaffibolla á kaffistofunni.



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Október 2017

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1.	2. Hakk, spaghetti og gúrka Ávextir	3. Steiktur fiskur, kartöflur salatbar og gras-lauksdressing Ávextir	4. Grísasnitzel, kartöflur, salat og piparostasósa Ávextir	5. Ofnbakaður fiskur í spínatrjóma, hrísgrjón og rifnar gulrætur Ávextir Aðalfundur for.félags	6. Blómkálssúpa, brauð og salatbar Ávextir.	7.
8.	9. Ofnsteiktur fiskur, bygg, paprika og blaðlaukssósa Ávextir.	10. Lasagna, kryddbrauð og gúrka. Ávextir. Vigsla íþróttahúss kl. 15-17	11. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og tómatsósa Ávextir.	12. Steiktur kjúklingur, hrísgrjón, salat og hvítlauksdressing. Ávextir.	13. Skr, brauð, álegg og salatbar. Ávextir. Bleikur dagur	14.
15.	16. Ofnbakaður fiskur í karryostasósu, hrísgrjón og salat. Ávextir.	17. Hakkabuff, kartöflur, gúrka og lauksósa. Ávextir.	18. Fiskibollur, kartöflur, salatbar og gúrkudressing. Ávextir.	19. Austurlenskur lambapottréttur, kúskús og tómatar. Ávextir.	20. Pizza. Ávextir.	21.
22.	23. Fiskipottréttur, hrísgrjón og gúrka. Ávextir.	24. Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir	25. Soðinn fiskur, kartöflur, gulrætur, brætt smjör og salatbar. Ávextir.	26. Grænmetisbuff, hýðishrísgrjón, paprika og sólskinsdressing. Ávextir. Viðtalsdagur—Frístund opin	27. Hrísgrjónagrautur, slátur og salatbar. Ávextir. Haustfrí—Frístund opin	28.
29.	30. Kjötbúðingur, kartöflur, grænar baunir, salat og brún sósa. Ávextir. Haustfrí—frístund opin	31. Ofnbakaður lax, hrísgrjón, gúrka, mangóddressing og salatbar. Ávextir.	1. nóv. Kjöt og karrý. Ávextir.	2. nóv. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, paprika og hvítlaukssósa. Ávextir.	3. nóv. Sveppasúpa, brauð og salatbar. Ávextir	4. nóv.

26. október verður viðtalsdagur og síðan haustfrí / löng helgi hjá nemendum 27.—31. október. Frístund er opin í haustfríinu frá 8-16:15. Ef fólk ætlar að nýta sér Frístund þessa daga þarf að láta vita í tölvupósti á hrafnhildurst@akmennt.is

Næsta fréttabréf kemur út í byrjun nóvember